

|                            |                             |                                                                                     |
|----------------------------|-----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040               | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 2                  |                             |                                                                                     |
| Dags.: 12/14/2021          | Fundargerð (Skólanefnd)     |                                                                                     |
| Höfundur: ÞÓJ              |                             |                                                                                     |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                             |                                                                                     |
| Síða 1 af 5                |                             |                                                                                     |

|                 |             |                      |                     |
|-----------------|-------------|----------------------|---------------------|
| Dags.: 11.06.25 | Tími: 14:00 | Staðsetning: Stofa 4 | Fund boðaði: Birgir |
|-----------------|-------------|----------------------|---------------------|

|              |                                                                                                     |
|--------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mætt:        | Birgir, Sibba, Guðný, Karen, Eva Mjöll, Þórður Vilberg og Petra Lind<br>Á teams: Hlöðver og Hjördís |
| Fjarverandi: | Ingibjörg Þ, Pálína Margeirsd                                                                       |

#### Dagskrá:

- 1) Gjaldskrár 2025-2026 – BJ og SH
- 2) Ársreikningur 2024 - BJ og SH
- 3) Rekstraráætlun 2025 - BJ og SH
- 4) Samningar - BJ
- 5) Tölur á vorönn 2025 - PLS og GBG
- 6) Haustönn 2025 – Umsóknir, námsframboð – GBG
- 7) Skóladagatal skólaárið 2025-2026 - BJ og GBG
- 8) Starfsmannamál, auglýsingar og ráðningar – BJ
- 9) Önnur mál

| nr. | Fundargerð dagskrárliðs                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
|-----|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1)  | <p><b>Gjaldskrá</b></p> <p>Ekki miklar breytingar á gjaldskrá frá fyrra skólaári. Ekki er heimilt rukka meira í fjarnám en 2500. kr á einingu og það sama má segja um innritunargjaldið sem er 6000 kr.</p> <p>Breyting á matnum frá fyrra ári. 10 miðar fara í 16.000 kr úr 15.200kr og stakar máltíðir úr 1650kr í 1700. Berglind og Tumi starfsmenn á heimavist munu sjá um kvöldmatinn næsta skólaárið sem er breyting frá fyrra skólaári þar sem Hildibrand sá um kvöldmatinn.</p> <p>Gjaldið fyrir heimavistarnema er miðað við per önn, þyrfti að koma skýrar fram á gjaldskrá.</p> <p>Raundæmi á að sjást á heimasíðunni þannig að nemendur sjái hvað þau eru að borga í raunveurlegan kostnað á hverri önn.</p> <p>Gjaldskrá borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.</p> |

|                            |                                    |                                                                                     |
|----------------------------|------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040               | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b> |  |
| Útgáfa: 2                  |                                    |                                                                                     |
| Dags.: 12/14/2021          | <b>Fundargerð (Skólanefnd)</b>     |                                                                                     |
| Höfundur: ÞÓJ              |                                    |                                                                                     |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                                    |                                                                                     |
| Síða 2 af 5                |                                    |                                                                                     |

|    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
|----|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| 2) | <p><b>Ársreikningur 2024</b></p> <p>Ársreikningur lagður fram til kynningar.</p> <p>Rekstur skólans stendur vel, afkoman jákvæð á síðasta ári um tæpar 20 milljónir. Skólinn stendur betur en oft áður en Birgir tekur þó fram að það megi lítið út af bregða.</p> <p>Ef við hefðum vitað að við hefðum það fjármagn sem var ráðstafað í starfsbraut s.l. ár fyrirfram hefði verið strax hægt að undirbúa vinnuna á starfsbraut til frampróunar en plánið er að byrja á þeirri vinnu strax í haust og endurskoða starfið á starfsbraut m.t.t. bættrar þjónustu.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| 3) | <p><b>Rekstraráætlun 2025</b></p> <p>Rekstraráætlun 2025 lögð fram til kynningar.</p> <p>Framlag ríkissjóðs 642 milljónir og eigum að innheimta 75 milljónir til viðbótar í tekjur.</p> <p>Í rekstraáætlun ársins var gert ráð fyrir skipstjórnarnáminu A stiginu, bæði hvað varðar laun og aðkeypta þjónustu. Engar athugasemdir eða sérstakar fyrirspurnir hvað rekstraráætlunina varðar.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| 4) | <p><b>Samningar</b></p> <p>Samningar eiga alla jafna að vera bornir undir skólanefnd. Birgir kynnir samninga sem hafa verið undirritaðir á undanförunum vikum og mánuðum.</p> <p>Á vordögum var óskað eftir tilboði í ræstingu því fyrri samningur var runnin út. Samið var við GG þjónustu um áframhaldandi þjónustu til næstu 3 ára.</p> <p>Heimavistin hefur verið í útleigu s.l. ár yfir sumartímann þar sem rekið er hótél. Á heimavistinni eru 2 íbúðir. Önnur íbúðin var inn í fyrri samningi við Hildibrand á sumrin og var sú íbúð tekin út úr nýja samninginum sem skrifað var undir nú í vor. Þessi íbúð hefur oft verið notuð fyrir kennara sem hingað koma og vont að biðja fólk um að losa íbúðina yfir sumartímann þegar hótelið opnar.</p> <p>Einnig var sett fram í sama samningi að það geti orðið framkvæmdir á húsnæðinu á meðan hótelið er við rekstur og skýrt tekið fram að allir málsaðilar séu upplýstir um það.</p> |

|                            |                                    |                                                                                     |
|----------------------------|------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040               | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b> |  |
| Útgáfa: 2                  |                                    |                                                                                     |
| Dags.: 12/14/2021          |                                    |                                                                                     |
| Höfundur: ÞÓJ              |                                    |                                                                                     |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                                    |                                                                                     |
| Síða 3 af 5                | <b>Fundargerð (Skólanefnd)</b>     |                                                                                     |

Skrifað var undir samstarfsýfirlýsingu við KFA og Þrótt v/ Íþróttakademíu skólaárið 2025/2026 sem gefur nemendum VA og iðkendum KFA og Þróttar aukin tækifæri á að stunda sína íþrótt af kappi og fengið einingar metnar með því að leggja stund á styrktaræfingar á skólatíma.

Sorpmál: Endurskoðun á samningi við íslenska gámafélagið. Verið að kanna möguleikann á nýjum samningum varðandi sorphirðu og verið að kanna verðsamanburð milli þriggja ólíkra fyrirtækja hvað sorpmálin varðar.

5) **Tölur vorannar 2025**

Guðný fer yfir tölur vorannar 2025 varðandi innritun nemenda á haustönn og tölur úr útskrift 2025. Umsóknir nýnema, alls 30 umsóknir í ár sem er í minna lagi samanborið við s.l. ár. Einnig farið yfir umsóknir eldri nema.

Umræður fundarmeðlima varðandi þróun umsókna meðal nemenda í 10. bekk og rætt hvernig markaðsetja megi skólann og námið betur og ná til ungmenna og skólasamfélagsins í Fjarðabyggð sem er markhópurinn okkar. Skólanefnd sammælist um að setja skuli vinnu af stað sem allra fyrst til þess að útbúa aðgerðaráætlun um það hvernig megi ná til nemenda og forráðamanna. Það má t.d. skoða hvort fyrrum nemendur geti komið að gagni og að auki samræma aðgerðir þannig að einnig sé unnið saman með kennurum í Fjarðabyggð.

Petra fer yfir gæðatölur vorannar 2025 og niðurstöður úr skólapúlsinum sem lagður var fyrir í Apríl 2025. Úr skólapúlsinum þessa önnina má sjá að nemendum skólans virðist líða vel samanborið við nemendur í öðrum skólum af sömu stærð og VA, þ.e. >500 og það sama má segja um námsáhuga nemenda en báðar þessar breytur mælast jafnt og landsmeðaltal (námsáhugi) og yfir (vellíðan). Meðaleinkunn vorannar 2025 var 6,92 samanborið við 6,83 á haustönn og mætingarhlutfall nemenda 83,2% samanborið við 85,3% á haustönn 2024.

6) **Starfsmannamál**

Birgir fer yfir starfsmannamál, auglýsingar, ráðningar o.fl. og stöðuna á þessum tímapunkti.

Starf skólameistara er á lausu þar sem Eydís fráfarandi skólameistari hefur sagt sig frá leyfi skólameistara sem hún var í. Beðið er eftir að auglýst verði í starfið hjá ráðuneytinu og ganga málin frekar hægt hvað það varðar. Núverandi skólameistari, Birgir Jónsson er með ráðningu til 31. Júlí n.k.

Hugmyndir eru um að breyta starfi gæðastjóra í starf aðstoðarskólameistara og fella niður kennsluskyldu í núverandi starfi Gæðastjóra og auka þar með við hlutfalli við stjórnun skólans.

|                            |                             |                                                                                     |
|----------------------------|-----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040               | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 2                  |                             |                                                                                     |
| Dags.: 12/14/2021          | Fundargerð (Skólanefnd)     |                                                                                     |
| Höfundur: ÞÓJ              |                             |                                                                                     |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                             |                                                                                     |
| Síða 4 af 5                |                             |                                                                                     |

|                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                        | <p>Námsráðgjafar komu hingað tímabundið inn og verið að kanna hvernig framhald á þeim málum verði í haust en núverandi námsráðgjafar hafa lýst yfir áhuga á að vera áfram.</p> <p>3 kennarar hafa hætt á vorönn 2025. Búið að manna í allflest störf fyrir næsta skólaár en á eftir að negla niður kennara í vélstjórnarnámið og verið að fara að auglýsa stöður kennara í skipstjórnarnáminu. Staðan í mannauðsmálum að mörgu leyti á góðum stað miðað við árstíma þó enn eigi eftir að leysa einhverja hnúta.</p> |
| 7)                     | <p><b>Skóladagatal 2025/2026</b></p> <p>Lagt fram til kynningar skólanefndar.</p> <p>Þriðjudagur 19. ágúst sameiginlegur starfsdagur grunnskólanna í Fjarðabyggð.<br/>Föstudaginn 26. September KSA þing</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| 8)                     | <p><b>Önnur mál</b></p> <p>Karen nefnir að hún sé að flytja suður og óskar eftir að sitja áfram í skólanefnd og fá að sitja fundina á Teams. Formaður nefndarinnar ætlar að kanna hvort það sé eitthvað sem gangi ekki örugglega upp. Leggur að öðru leyti til að fá staðgengil í skólanefnd sem kemur úr skólasamfélaginu í Fjarðabyggð.</p>                                                                                                                                                                       |
| Fundu slitið kl. 15:30 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

|                                                     |                  |
|-----------------------------------------------------|------------------|
| Fundargerð ritaði: <i>Petra Lind Sigurðardóttir</i> | dags. 11.06.2025 |
|-----------------------------------------------------|------------------|

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):

|                            |                                    |                                                                                     |
|----------------------------|------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040               | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b> |  |
| Útgáfa: 2                  |                                    |                                                                                     |
| Dags.: 12/14/2021          | <b>Fundargerð (Skólanefnd)</b>     |                                                                                     |
| Höfundur: ÞÓJ              |                                    |                                                                                     |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                                    |                                                                                     |
| Síða 5 af 5                |                                    |                                                                                     |